

Mættir; Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri (ritari fundargerðar), Kristinn Sverrisson og Jóhanna Gísladóttir fulltrúar kennara, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra og Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. Húsnæðismál Kársnesskóla; á bæjarráðsfundi 11. maí var samþykkt að setja 10 lausar kennslustofur á Vallargerðisvöllinn og að skólinn hefði Fannborg 2 til áramóta 2017-18. Við þurfum að byrja haustið með 6 lausar kennslustofur, fyrir bekkjarkennslu og sérgreinakennslu. Hugmyndin er að miðstig fari í lausar kennslustofur, elsta stig í Fannborg. Þegar elsta stig kemur til baka í Vallargerði þarf að fjölga enn lausum kennslustofum á Vallargerðisvelli en ekki hefur verið ákveðið ennþá hvaða bekkjardeildir verða hvar þegar að því kemur.

Þegar 570 nemendur verða komnir hingað í Vallargerði vantar áþreifanlega leiksvæði.

Mikil vinna að hugsa fyrir næstu 2-3 árum og í mörg horn að líta.

2. Vorhátíð foreldrafélagsins

Gengur mjög erfiðlega að fá foreldra til að vinna að vorhátíðinni, aðeins eitt foreldri hefur boðið sig fram en það þarf a.m.k. fjóra. Hugsanlega þurfa fulltrúar foreldrafélagsins að taka verkefnið að sér. Forskrift að hátíðinni er til og yfirleitt er nóg af foreldrum sem býður sig fram á staðnum til að grilla, standa við hoppukastala og því um líkt.

Hátíðin getur farið fram á skólalóðinni við Skólagerði með aðgang að matsalnum þar.

Sigríður Þrúður verður tengiliður við skólann og skólahljómsveitina.

3. Innkaup á ritföngum fyrir yngstu nemendur

Einhverjir skólar hafa keypt ritföng inn fyrir haustið með aðkomu foreldrafélaga, þ.e. skólinn pantar ritföng og foreldrafélagið hefur stofnað reikning sem foreldrar greiða inn á. Ritari getur haft milligöngu um það. Skólinn getur pantað ritföng inn í miklum mæli með góðum afslætti og hagræði því töluvert fyrir heimilin. Fulltrúum foreldrafélagsins list vel á þetta

en þetta þarf að taka fyrir á stjórnarfundum í næstu viku og kynna á aðalfundi foreldrafélagsins sem verður 29. maí næstkomandi.

Skólastjórnendur vilja minnka umfang innkaupalista og hafa þegar rætt það við kennara en endanlegir innkaupalistar fyrir næsta skólaár liggja ekki fyrir og eru háðir því hvaða ákvörðun stjórn foreldrafélagsins tekur.

4. Mannaráðningar

Nú vantar enn kennara á yngsta- miðstig og einn á elsta stig. Kapphlaup um hvern kennara.

Þuríður Óttarsdóttir aðstoðarskólastjóri óskar eftir launalausum leyfi skólaárið 2017-2018 og Sigrún Valdimarsdóttir leysir hana af.

5. Stefnumótun Kársnesskóla

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, mun koma og vinna með stjórnendum, kennurum, nemendum og foreldrum í stefnumótum um nýjan skóla. Þarf að huga vel að tónlistarhluta skólans og vilji fyrir því að Tónlistarskólinn og Skólahljómsveitin geti haft aðstöðu í skólanum.

Fundi slitið 8:45.